

Skólaráðsfundur 29. febrúar 2016

Mættir: Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus og Fríða kennarar, Lára fyrir hönd annarra starfsmanna, Freydís Dana fyrir hönd foreldra og Áslaug 10. bekk fyrir hönd nemenda.

**Fundartímar** skólaráðsfunda. Fundir eru áætlaðir 4. apríl og 9. maí.

**Skóladagatal.** Farið var yfir það dagatal sem samþykkt hefur verið á kennarafundi. Samþykkt að skóladagatalið fari áfram til skólanefndar.

**Árshátíð.** Hefðbundin árshátíð verður haldin miðvikudag og fimmtudag í vikunni fyrir páska. Kennt er báða dagana til 13:15 og síðan árshátíðarsýningar seinni partinn. Tvær sýningar á miðvikudegi og ein sýning og ball á fimmtudeginum. Æfingar eru á fullu og útvarp Glerárskóli verður með útsendingar á þessum tíma.

**Námsmat.** 10. bekkur verður útskrifaður með bókstafseinkunnum og vinna er í gangi við breytingar á námsmati. Smám saman mun námsmatið færast í þann farveg að formlegt mat verði í 4., 7. og 10. bekk en annars nokkurs konar leiðsagnarmat. Foreldrafulltrúi sagði litlar upplýsingar að finna um námsmat og þær breytingar sem eru í gangi í grunnskólum og erfitt væri að skilja breytingarnar.

**Fjárhagsáætlun.** Eyrún fór yfir helstu töluliði. Nýting á fjármagni var góð hjá skólanum, þ.e.a.s. ekki mikil framúrkeyrsla frá fjárhagsáætlun. Launaþátturinn fer fram úr sem þýðir að draga þarf saman á öðrum sviðum til að áætlunin gangi upp. Áætlaður er niðurskurður hjá Akureyrarbæ sem mun að einhverju leyti koma niður á skólakerfinu.

Ekki er ljóst hvernig tímaúthlutun skólans mun líta út fyrr en skráningum í 1. bekk er lokið og búið verður að ganga frá sérkennsluúthlutun. Vonast er til að nemendur í 1. bekk verði yfir 40 talsins.

## Önnur mál

**Húsnæðið.** Búið er að mæla rakastig í skólanum og þær mælingar komu vel út. Það lekur samt sem áður víða í skólanum. Mismunandi hitastig er eftir rýmum í skólanum, sums staðar mjög kalt og annars staðar jafnvel of heitt. Loftræsting er ónýt á A og B göngum en heilbrigðiseftirlitið segir ekki nauðsynlegt að hafa loftræstibúnað þar sem hægt er að opna glugga. Búið er að lagfæra ýmis atriði í skólanum sem sett var út á.

Fleira ekki fært til bókunar  
Elín E. Magnúsdóttir

